



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BRAHMS OG TSJAJKOVSKÍJ

10. OKTÓBER
2019



Vinsamlegast hafið slökkt á farsínum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikunum er streymt beint í hljóði og mynd á vef hljómveitarinnar, www.sinfonia.is.
Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd:

Píanókonsert: 50'

Sinfónía: 45'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

Stephen Hough áritar geisladiska í hléi á 2. hæð fyrir framan Eldborg.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

FIM 10 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

BRAHMS OG TSJAJKOVSKÍJ

**Sinfóníuhljómsveit
Íslands**

Han-Na Chang
hljómsveitarstjóri

Stephen Hough
einleikari

EFNISSKRÁ

Johannes Brahms
Píanókonsert nr. 2 í B-dúr, op. 83 (1881)
Allegro non troppo
Allegro appassionato
Andante
Allegretto grazioso

Hlé

Pjotr Tsjajkovskíj
Sinfónía nr. 6 í h-moll, op. 74, „Pathétique“ (1893)
Adagio – Allegro non troppo – Andante – Allegro vivo –
Andante come prima – Andante mosso
Allegro con grazia
Allegro molto vivace
Finale: Adagio lamentoso – Andante

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



HAN-NA CHANG

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Kóresk-bandaríski hljómveitarstjórinn Han-Na Chang er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómveitarinnar í Þrándheimi þar sem hún hefur vakið mikla hrifningu fyrir kraftmikla túlkun sína. Hún hóf sellónám sex ára gömul og ferill hennar sem sellóleikari hófst þegar hún var aðeins 11 ára, þegar hún vann hina alþjóðlegu Rostropovitsj-sellókeppni. Í kjölfarið lék hún einleik með fremstu hljómveitum heims, meðal annars Berlínarfílharmóníunni, Fílharmóníusveitunum í New York og Los Angeles, og Sinfóníuhljómveit Lundúna. Hún hljóðritaði sem sellóleikari fyrir EMI og hlaut m.a. Cannes Classics- og Gramophone-verðlaunin fyrir diska sína. Hún hélt þó áfram námi þrátt fyrir frægðina og stundaði meðal annars nám í heimspeki við Harvard-háskóla.

Þegar Chang var á þrítugsaldri söðlaði hún um og sneri sér að hljómveitarstjórn. Hún hefur stjórnað mörgum fremstu hljómveitum heims. Hún kemur reglulega fram með Sinfóníuhljómveitunum í Toronto, Ósló, Gautaborg og Minnesota, en hefur einnig stjórnað m.a. Staatskapelle Dresden, Útvarpshljómveitinni í Kóln og Fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi, svo fátt eitt sé nefnt. Meðal tónskálda sem hún þykir túlka afburða vel má nefna Brahms, Bruckner, Strauss og Shostakovitsj. Á þessu starfsári stjórnar hún m.a. sínfóníum nr. 6 og 9 eftir Mahler í Þrándheimi og tónleikaferð hljómveitarinnar til Suður-Kóreu, auk þess sem hún kemur fram sem gestastjórnandi m.a. með Dönsku Þjóðarhljómveitinni, Finnску útvarpshljómveitinni og Þjóðarhljómveitinni í Lyon. Han-Na Chang kemur nú í fyrsta sinn fram á Íslandi.



STEPHEN HOUGH

EINLEIKARI

Stephen Hough er einn virtasti og fjölhæfasti píanóleikari samtímans. Hann var fyrsti klassíski tónlistarmaðurinn til að hljóta hin eftirsóttu MacArthur-verðlaun árið 2001, hlaut viðurkenningu Royal Philharmonic Society 2010 og var sæmdur riddarakrossi (CBE) af Elísabetu Bretadrottningu árið 2014. Hann hefur komið fram með öllum helstu hljómseviteum heims og haldið einleikstónleika í London, New York (Carnegie Hall og Lincoln Center), París og Hong Kong, og komið fram í sjónvarpi með Berlínarfílharmóníunni og Sir Simon Rattle. Hann hefur einnig leikið á fjölda tónlistarhátíða, m.a. í Aldeburgh, Edinborg, Salzburg og Tanglewood. Auk þess hefur hann komið fram yfir 20 sinnum á Proms-hátíð Breska ríkisútvarpsins. Í ágúst síðastliðnum lék hann píanókonsert eftir Mendelssohn í Royal Albert Hall á tónleikum sem haldnir voru til að minnast þess að 200 ár voru liðin frá fæðingu Viktoríu drottningar, og lék hann konsertinn á gullsleggin Erard-flygil Viktoríu sem Elísabet II. lánaði úr safni sínu í tilefni tónleikanna.

Hough hefur hljóðritað yfir 50 geisladiska sem hafa hlotið ótal verðlaun, til dæmis Deutsche Schallplattenpreis, Diapason d'Or, nokkrar Grammy-tilnefningar og átta Gramophone-verðlaun, m.a. geisladisk ársins 1996 og 2003. Meðal nýjustu diska hans eru Lýrísk stykki eftir Grieg, einleiksdiskur með tónlist eftir Skrjabin og Janáček, og konsertar eftir Dvořák og Schumann ásamt Sinfóníuhljómsevitinni í Birmingham og Andris Nelsons.

Hough er einnig tónskáld og hefur samið verk fyrir hljómsevit, kór, kammerhópa og einleikspíanó. Þá er hann rithöfundur og skrifar reglulega um tónlist í The Guardian, The Times, Gramophone og BBC Music Magazine. Nýverið kom út skáldsaga hans, sem ber heitið *The Final Retreat*. Hough er búsettur í Lundúnum og gegnir prófessorsstöðum í píanóleik við Royal Academy of Music og við Juilliard-tónlistarháskólann í New York.

Hough hefur tvisvar sinnum áður leikið með Sinfóníuhljómsevit Íslands, píanókonsert nr. 4 eftir Camille Saint-Saëns árið 2006 og Paganini-rapsódíu Rakhmanínovs árið 2017.



JOHANNES BRAHMS

PÍANÓKONSERT NR. 2

Johannes Brahms (1833–1897) varði sumrinu 1881 í smábænum Pressbaum skammt frá Vínarborg og lagði þar lokahönd á verk sem hann hafði haft í smíðum í fjögur ár: píanókonsert, hinn síðari af tveimur sem hann samdi fyrir eigið hljóðfæri. Þá var liðinn nærri aldarfjórðungur frá hinum fyrri, sem hlaut afleitar viðtökur við frumflutninginn og fældi Brahms frá konsertforminu um langa hríð. „Númer tvö er allt öðruvísi,“ skrifaði hann vongóður til vinar síns, fiðluleikarans Josephs Joachim. Tónskáldið átti það raunar til að villa um fyrir vinafólki sem spurði hvernig tónsmíðavinnunni vatt fram. Elísabet von Herzogenberg hafði áður fengið misvísandi lýsingar á nýjum verkum frá Brahms, og nú tjáði hann henni að hann hefði samið „pínu- pínulítinn píanókonsert með örilitlu smáscherzói.“ Hermann Billroth fékk nóturnar að „nokkrum smástykkjum fyrir píanó“ með bréfi.

Þessar lýsingar gætu tæpast verið fjær sanni því að síðari píanó-konsertinn er eitt stærsta og kröfuharðasta verk Brahms. Konsertinn tekur enn lengri tíma í flutningi en sá fyrsti, sem þó var óvenjulangur, og hann er jafnvel enn „sinfónískari“ að allri gerð. Hér má til dæmis nefna hið augljósa, að hann er í fjórum þáttum, líkt og tíðkast í sinfóníum, í stað þriggja eins og venja er þegar konsertar eiga í hlut. Raunar var aukabátturinn, scherzóið, kveikjan að öllu saman. Þegar Brahms samdi fiðlukonsert sinn handa Joseph Joachim árið 1878 hugðist hann hafa þar scherzóið-þátt í d-moll, en hætti við og því er það verk þríþáttungur en ekki í fjórum köflum. Þetta sama stef fékk athvarf í píanókonsertinum sem varð til þremur árum síðar.

Píanókonsertinn nr. 2 er verk andstæðna. Tónlistin er stór í sniðum og gerir miklar kröfur til einleikarans um tækni og úthald. Þó einkennist verkið á heildina litið fremur af ljóðrænni yfirvegum en dramatískum tilþrifum. Malcolm Macdonald, sem ritaði þrýðilega ævisögu tónskáldsins, hefur lýst því sem hálfgerðri „Überkammermusik“ – stofutónlist í öðru veldi – enda gerist það nokkrum sinnum að píanóið líkt og dregur sig í hlé sem einleikshljóðfæri til að spila kammermúsík í návígi með nokkrum meðlimum hljómsveitarinnar. Píanistinn þarf að hafa öll skapbrigði á valdi sínu, frá hnausþykkum hljódomum og hröðum tónarunum sólistans yfir í fíngerðan áslátt hins hógværa meðleikara.

Í fyrsta þætti konsertsins kennir margra grasa. Hann hefst á ljúfu samtali hornleikara og píanista, en skyndilega kveður við annan tón í kröftugum einleikskafli. Ljóðrænt yfirbragð upphafstaktanna snýr aftur en stundum dregur ský fyrir sólu.

Hugmyndin að scherzó-kaflanum kveiknaði út frá fiðlukonserti Brahms eins og getið var að ofan, og er hægur vandi að heyra óm af tvígripum fiðlunnar í kröftugum einleikspartinum. Ytri hlutarnir eru dramatískir, jafnvel harmrænir, en í tríókaflanum um miðbikið skiptir Brahms yfir í glaðværan dúr.

Í þriðja þætti verksins kveðjur við annan og blíðari tón. Hann hefst með því að annar einleikari stígur fram, nefnilega einleiksselló sem flytur undurfagarar hendingar á meðan píanistinn situr þögull hjá. Tónlistarfræðingar hafa bent á að kannski hafi endurminningin um viðamikilið sellósóló í píanókonserti Clöru Schumann frá 1835 kveikt sömu hugmynd hjá Brahms áratugum síðar, enda voru þau nánir vinir allt til æviloka. Segja má að þessi fagri þáttur sé nær því að vera „tvíkonsert“ en hefðbundinn þáttur einleikskonserts. Brahms þróar sellósteifið áfram í leik píanistans og hugleiðir innihald þess með margs konar skrauthendingum; nóg er af töfrandi augnablikum þann tæpa stundarfjórðung sem tónlistin varir.

Lokaþátturinn er léttur og líflegur. Brahms hafði yndi af að bregða fyrir sig „sígaunastíl“ undir lok stórra tónverka og er seinni píanókonsertinn engin undantekning. Hér má heyra ávæning bæði af ungerskum dönsu og ástleitnum völsu, en í glæstum virtúósabúningi eins og vera ber.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Frank Glazer lék píanókonsert nr. 2 eftir Brahms með Sí í febrúar 1959 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Síðan hafa leikið konsertinn með hljómsveitinni þeir Alexander Jenner (1964), Jörg Demus (1967), Detlef Kraus (1968), Mischa Dichter (1973), Philippe Bianconi (2001) og Kirill Gerstein (2011). Helga Bryndís Magnúsdóttir lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á Akureyri og í Reykjavík vorið 2000.



PJOTR TSJAJKOVSKÍJ

SINFÓNÍA NR. 6

Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) hóf að semja sjöttu sífóníu sína í febrúar 1893 og hún var fullgerð um haustið. Hinn 28. október stjórnaði hann frumflutningi verksins í Sankti Pétursborg; níu dögum síðar var hann allur. Margt hefur verið skrifað og skrafað um merkingu þess að þessir tveir atburðir áttu sér stað með svo skömmu millibili. Sviplegur dauðdagi Tsjajkovskíjs hefur kynt undir sögnina um að sjötta sífónían sé eins konar hinsta kveðja og að með smíði hennar hafi tónsmíðurinn fengið útrás fyrir sálarkvalir sem hann leið undir lok ævinnar. Árið 1979 birti rússneskur tónlistarfræðingur tilgátu þess efnis að Tsjajkovskíj – sem hneigðist til karla – hefði framið sjálfsmorð eftir að upp komst um ástarsamband hans við ungan hefðarmann. Þessi tilgáta reyndist þó ekki á rökum reist. Nú eru flestir á einu máli um að tónskáldið hafi látist úr kóleru eftir að hafa í ógáti drukkíð ósoðið vatn.

Frumflutningur sífóníunnar í Pétursborg vakti enga sérstaka hrifningu, og því brá Tsjajkovskíj á það ráð að finna verkinu yfirskrift sem gæti skýrt innihaldið að einhverju leyti fyrir áheyrendum. Rússneska heitið „Pateticheskaya simfonija“ merkir eitthvað í ætt við „tilfinningaþrungin sífónía“ eða „ástríðusífónía“. Hvað sem viðtökum leið var Tsjajkovskíj himinlifandi með útkomuna. Þegar hann hafði lokið við sífóníuna skrifaði hann útgefanda sínum: „Ég hef aldrei áður fundið fyrir slíkri ánægju, slíku stolti, slíkri gleði, eins og í vitundinni um að ég hafi í raun og veru skapað þetta fagra tónverk.“ Meðan á æfingum stóð á hann að hafa sagt: „Þetta er án efa besta – og sannarlega einlægasta – tónsmíð mín, og mér þykir vænna um hana en nokkurt annað verk sem ég hef skapað.“ En eru hin myrku endalok verksins til marks um hugarástand sem Tsjajkovskíj kaus að nefna ekki? Hér verður hver að dæma fyrir sig.

Upphaf sífóníunnar er fremur óvenjulegt; dökkt fagottsóló fíkrar sig upp á við gegnum nið kontrabassanna. Tsjajkovskíj byggir smám saman upp tilþrífamikinn hápunkt og kynnir til sögunnar eitt frægasta stef sitt. Ef grannt er hlustað er þetta stef eins konar umbreyting á blómaaríu Don José úr *Carmen*, og Tsjajkovskíj biður um að það sé leikið „blíðlega, teygjanlega, og mjög syngjandi“. Því næst tekur við dramatísk úrvinnsla stefjanna þar sem hápunkturinn er hending úr sálumessu rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar.

Tsjajkovskij var vafalítið eitt besta valsaskáld síns tíma – utan Vínarborgar. Millipættir sínfóniunnar eru tveir dansar og sá fyrri er einmitt vals, þótt yfirbragðið sé nokkuð óvenjulegt. Tsjajkovskij hafði tvö verk í smíðum vorið 1893, sjöttu sínfóniuna og flokk 18 píanólaga op. 72. Eitt píanólaganna ber yfirskriftina „Valse à cinq temps“ – vals með fimm slögum í takti í stað þriggja eins og venjan er. Tsjajkovskij leikur sama leik í sínfóniunni. Fimm slaga vals hentar ekki á dansgólfinu og myndi líklega valda fótaflækju hjá jafnvel reyndum dönsurum, en hann er skemmtilega óhefðbundinn og heillandi á að hlýða.

Þriðji kafli byrjar sem léttfætt scherzó en ummyndast fyrir en varir í dramatískan mars. Lokakafllinn er óhefðbundnasti þáttur sínfóniunnar, hægur og þungbúinn. Hér er ekki endað með glæstum lokasigri eins og venjan var í sínfónium 19. aldar. Kannski var það einmitt staðsetning hæga kafllans í lok verksins sem féll áheyrendunum ekki í geð við frumflutninginn. Síðar varð algengara að enda sínfóníu með hægum þætti, til dæmis í níundu sínfóníu Mahlers sem sótti fyrirmynd sína hingað. Tsjajkovskij kynnir tvö aðalstef til sögunnar, hið fyrra er tregafullt en hið síðara hefur bjartari blæ. Þótt tónlistin virðist stefna í átt að ljósinu endar verkið á djúpu tónsviði sem minnir á upphafstakta þess. Tónlistin fjarar út, myrkur lokahlómurinn verður stöðugt veikari og að endingu tekur þögnin við.

Árni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sínfóníuhljómsveitin hefur leikið Pathétique-sínfóniuna 16 sinnum, fyrst undir stjórn Olavs Kielland í Þjóðleikhúsinu 1953 og aftur 1956. Síðan hafa m.a. haldið um taumana þeir Jindrich Rohan (1962), Sverre Bruland (1968), Daniel Barenboim (1971), Jean-Pierre Jacquillat (1982), Klauspeter Seibel (1985), Petri Sakari (1995), Alexander Anissimov (2001), Rumon Gamba (2009), Pietari Inkinen (2013) og Anna-Maria Helsing (2017). Sínfóníuhljómsveit Gautaborgar lék verkið í Hörpu undir stjórn Gustavos Dudamel í september 2011.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

10. OKTÓBER 2019

1. FÍÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Justyna Bidler
Bryndís Pálsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Pascal La Rosa
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Ólga Björk Ólafsdóttir
Laura Liu
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina

2. FÍÐLA

Benedikte Damgaard
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Ingrid Karlsdóttir
Pétur Björnsson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Christian Diethard
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Gregory Aronovich
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Lucja Koczot
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Xun Yang
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Borgar Magnason

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Ignas Mazvila
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Júlía Aradóttir *fulltrúi*

Á DÖFINNI

FOS 18 OKT 12:00



HÁDEGISTÓNLEIKAR – BAROKK Í NORÐUR-LJÓSUM

Barokktónlist hefur hátíðlegan blæ og þótt hún sé ekki meðal hinna daglegu verkefna stórra sinfóníuhljómsveita er ávallt gleðiefni þegar hún fær sitt rými á efnisskránni. Á þessum hádegistónleikum leikur strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands þætti úr konsertum eftir Corelli og Händel undir stjórn enska fiðluleikarans Matthews Truscott, sem hefur getið sér gott orð sem konsertmeistari upprunasveitarinnar Orchestra of the Age of Enlightenment.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á þessa hádegistónleika í Norðurljósum.

FIM 24 OKT 19:30



BACH, HÄNDEL OG HAYDN

Glæsileg tónlist frá 18. öld er í forgrunni á þessum tónleikum þar sem hljómar tónlist eftir meistarana Bach, Händel og Haydn auk gullfallegs verks, Passacaglia, eftir franska tónskáldið Georg Muffat. Sinfónía Haydns nr. 102 er almennt talin í hópi bestu verka hans í þessari grein. Konur fengu sjaldan tækifæri til stórra afreka sem tónskáld á 18. öld en hér hljóma sjaldheyrið þættir úr óperum eftir tvær aðalskonur, þær Maríu Antoníu, prinsessu af Bæjaralandi, og hertogaynjuna Önnu Amaliu. Hljómsveitarstjóri er Matthew Halls, sérfræðingur í flutningi gamallar tónlistar, og einleikari er Matthew Truscott.

FIM 07 NOV FOS 08 NOV 19:30



VÍKINGUR OG DANÍEL

Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis og heldur fimm tónleika í München, Salzburg og Berlín. Á þessum tónleikum í Eldborg hitar hljómsveitin upp fyrir tónleikaferðina. Víkingur Heiðar Ólafsson leikur píanókonsertinn Processions eftir Daníel Bjarnason ásamt því að króatíski hornsnillingurinn Radovan Vlatković flytur hornkonsert nr. 3 eftir Mozart. Einnig leikur hljómsveitin sívinsæla þætti úr Péttri Gauti eftir Grieg og fimmtu sinfóníu Sibelíusar. Vegna mikillar eftirspurnar og fjölda áskorana hefur aukatónleikum verið bætt við 8. nóvember en nú þegar er uppselt á tónleikana 7. nóvember.

Önnur verk sem hljómsveitin leikur í tónleikaferðinni verða flutt á ókeypis hádegistónleikum í Eldborg fimmtudaginn 31. október kl. 11:45.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

REGNBOGAKORT

SETTU SAMAN ÞÍNA EIGIN SNILLD

Þín eigin tónleikaröð með
20% afslætti

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með í það minnsta fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar.

**Nú er hægt að kaupa áskrift og
Regnbogakort á sinfonia.is.**

Námsmenn, 25 ára og yngri,
fá 50% afslátt á verðsvæðum 2 og 3
í miðasölu Hörpu.



@icelandsymphony / #sinfó

SALA ÁSKRIFTARKORTA
Í MIÐASÖLU HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50